


Ferð Sveinbjörns ferðabangsa og Natalíu Erlu til Akureyrar í janúar 2010.

Daganna 8. til 10. janúar fór ég í brettaferð til Akureyrar og fékk að bjóða Sveinbirni ferðabangsa með. Með okkur í för voru mamma, pabbi, Lárus litli bróðir og Óli frændi minn og fjölskyldan hans.

Ég fékk að taka Sveinbjörn með mér heim af bókasafninu deginum áður en við lögðum af stað. Það var voða gaman hjá okkur og um kvöldið háttaði ég Sveinbjörn í fínu náttfötin sín.

Á leiðinni til Akureyrar sátu ég, Sveinbjörn og Dúi upphalds bangsinn minn saman í sæti og hlustuðum á tónlist. Þegar við vorum orðin voðalega þreytt á að bíða eftir að við værum komin fengum við að horfa á mynd líka.






Þegar við komum til Akureyrar var alveg svakalega mikill snjór úti og háir skaflar út um allt. Okkur langaði mikið að fara út að leika en klukkan var orðin svo margt svo við fengum okkur bara að borða kvöldmat og háttuðum svo öll, því við þurftum að vakna snemma daginn eftir. Óli frændi minn var svo spenntur að fara á bretti daginn eftir að hann vildi helst fá að sofa með hjálminn og skíðagleraugun á sér. Sveinbjörn fékk að sofa í rúminu með mér, Dúa

bangsa og Óla frænda og það fór voðalega vel um okkur öll.

Daginn eftir var lokað í Hlíðarfalli svo við fórum öll saman til Dalvíkur á skíði. Sveinbjörn vildi samt frekar bíða heima hjá Lárusi litla bróðir því hann var svo hræddur um að hitta einhverja snjóbirni á fjallinu. Eftir Dalvík fórum við aftur til Akureyrar þar sem ég og Óli frændi fórum á skauta. Það var alveg ótrúlega gaman og Sveinbjörn kom með okkur þangað. Við fengum skauta lánaða



í skautahöllinni en það voru ekki til nógu litlir skautar á Sveinbjörn svo ég hélt bara á honum í staðinn.



Á sunnudeginum var opið í Hlíðarfjalli svo við fórum snemma af stað upp í fjall. Ég fór í brettaskóla sem var svakalega skemmtilegt. Þegar ég var búin í skólanum var ég búin að læra svo mikið á brettið að ég fór bara beint með mömmu, Gulla og Óla frænda í stóla-lyftuna sem er ótrúlega

löng og brött brekka. Svo æfði ég mig líka að fara sjálf í kaðallyftuna.



Eftir þennan langa dag keyrðum við aftur heim í Garðbæ. Við vorum alveg svakalega þreytt eftir að hafa verið svona lengi á bretti að ég, Sveinbjörn og Lárus litli bróðir sváfum vært á leiðinni heim.

